

Ályktun
héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis vestra
í Neskirkju 14. maí 2025

Fyrir kirkjuþingi sem kemur saman n.k. laugardag, 17. maí, liggur fyrir skýrsla um kosti þess og galla að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups. Auk þess liggja fyrir þinginu tvær tillögur er snerta þessi efni.

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra vill koma þeim athugasemdum á framfæri við kirkjuþingið að margt í þeim tillögum sem hér eru fram komnar þarfnast ítarlegri skoðunar og umfjöllunar á vettvangi kirkjunnar, svo sem með málþingum um efnið þar sem guðfræðileg rök eru látin kallast á við lögfræðileg sjónarmið í málinu.

Héraðsfundurinn styður þá viðleitni kirkjuþingsins að auka lýðræðið innan kirkjunnar en bendir á að mikilvægt er að gefa svo viðamiklu máli, sem hefði jafn miklar breytingar í för með sér og hér er lagt til, meiri tíma og umfjöllun á guðfræðilegum grunni.

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra skorar á kirkjuþingið að leita raunhæfra leiða til að auka þátttöku leikmanna í ákvarðanatöku og stjórnun málefna Þjóðkirkjunnar með ábyrgum hætti og í smærri skrefum en hér er ráð fyrir gert.

Greinargerð

Kirkjuþingi hefur ekki borist nein ósk frá almenningi um almenna kosningu til kirkjuþings. Það hefur enginn sent inn erindi þessa efnis. Kirkjan hefur farið þá leið á undanförunum árum að beita fulltrúalýðræði til að velja presta sína að teknu tilliti til faglegra sjónarmið enda eru prestar fagstétt. Þess vegna heyrir það til algerra undantekninga núorðið að boðað sé til almennra prestskosninga. Enda var reynslan af því vond, með tilheyrandi sárum og flokkadráttum í söfnuðum sem greru oft seint. Það skýtur því skökku við ef fara á að beita almennum kosningum af því tagi í kjöri til kirkjuþings eða biskups. Það er ekkert óeðlilegt við það að kosning til kirkjuþings byggist á sama grunni fulltrúalýðræðis.

Á öllum Norðurlöndunum er skírni í nafni heilagrar þrenningar forsenda fyrir kjörgengi fólks til kirkjuþings. Ef kosningar/kjörgengi er opnað á þennan veg er opnað fyrir þann möguleika að óvinir kirkjunnar gætu séð tækifæri í því að smala og rústað Kirkjuþinginu af því þeir sjá möguleika á því að komast í fjármál kirkjunnar.

Forsendur lýðræðisins er að menn taki upplýstar ákvarðanir og setji sig inn í mál. Okkar lýðræði innan kirkjunnar er fulltrúalýðræði en ekki elítu-lýðræði eins og haldið er fram í áðurnefndri skýrslu.